

Það er ekki upplýst neitt um það, hve lengi gerðarþoli dvelur í Sandgerði eða Reykjavík.

Það er hinsvegar upplýst, að gerðarþoli á húseign hér í bænum, sem hann, ásamt fjölskyldu sinni, dvelur í að staðaldri, og verður því að telja, að útsvarið sé réttilega lagt á gerðarþola samkvæmt 8. gr. laga nr. 106 frá 1936, og beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Þvi úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 21. október 1940.

Nr. 44/1940. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Óla Vernharði Metúsalemssyni
(Eggert Claessen).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður að líta svo á, eftir tilhögun þeirri, sem kærði hafði á verzlunarrekstri sínum, að hann hafi komið fram sem heildsali gagnvart iðnrekendum þeim, er hann seldi húsgagnaáklæði á árinu 1939, svo sem nánar segir í héraðsdóminum. Hann hefir með of hárrí verðlagningu á vöru þessa brotið ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 70 frá 1937 um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 11. febr. 1939 og auglýsingar verðlagsnefndar 17. febr. og 13. apríl sama ár. Ber nú að ákveða refsingu fyrir brot þetta eftir 3. mgr. 13. gr. laga um verðlag nr. 118 frá 1940, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirlitsmaður verðlagsnefndar athugaði verðlagningu kærða, fyrst 27. marz 1939 og síðan 12. apríl, 4. maí, 22. júlí og 18. ágúst s. á., og var verzlunartilhögun og verðlagning kærða með svipuðum hætti allan þann tíma, að því leyti, sem hér skiptir máli. Samt sem áður hefir verðlagsnefnd ekki, svo séð verði, áminnt kærða eða lagt fyrir hann að breyta um verðlagningu áður en hún kærði hann fyrir lögreglustjóra þann 31. ágúst 1939. Með tilliti til þessa þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með héraðsdómi er gerður upptækur ólöglegur ágóði kærða, að fjárhæð kr. 1565.51. Af prófum málsins verður ekki séð, hvernig þessi fjárhæð er reiknuð né við hvaða sölur hún er miðuð, og ekki sést heldur, að hún hafi verið borin undir kærða og honum veitt færi á að gæta réttar síns í því sambandi. Er því ekki kostur þess að ákveða nú, hverju ólöglegur ágóði kærða kann að hafa numið, og verður að sýkna hann af þessu kærutriði.

Eftir þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Svo ber kærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óli Vernharð Metúsalemsson, greiði 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptökuákvæði hins áfrýjaða dóms eru úr gildi felld.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. maí 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 8. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Valdimar Stefánssyni, fulltúra sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 813/1940: Valdstjórnin gegn Óla Vernharði Metúsalemssyni, sem tekið var til dóms 22. fyrra mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óla Vernharði Metúsalemssyni kaupmanni, Ingólfsstræti 16 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 70 31. desember 1937, um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, um verðlag á vefnaðarvörum og fatnaði, frá 11. febrúar 1939, og auglýsingu verðlagsnefndar frá 17. febrúar og 13. apríl 1939.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. ágúst 1901, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum.

- 1920 % Aðvörun fyrir að stýra bifreið án þess að hafa öðlazzt ökuskirteini.
- 1921 $\frac{1}{2}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1930 $\frac{1}{2}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
- 1935 % Sætt 10 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1939 % Sætt 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 27. marz 1939 kom

eftirlitsmaður verðlagsnefndar í verzlunina O. V. Jóhannsson & Co og tók þar 2 verðreikninga yfir húsgagnaáklæði, sem verzlunin hafði til sölu. Reiknaðist verðlagsnefnd til, að álagning verzlunarinnar á ofangreint húsgagnaáklæði væri sem næst fyllstu smásöluálagningu, en þennan dag var hin leyfilega álagning, samkvæmt auglýsingu í Lögbirtinga- blaðinu 17. febrúar 1939, sem hér segir:

Í heildsölu 16%.

Í smásölu:

- a) þegar keypt var af innlendum heildsölubirgðum 50% ;
- b) þegar keypt var beint frá útlöndum 74%.

Eftirlitsmanni verðlagsnefndar kom það einkennilega fyrir sjónir, að verzlunin skyldi nota smásöluálagningu, þar sem honum fannst, að um heildsölu væri að ræða. Gat hann strax um þetta við framkvæmdarstjóra og aðaleiganda verzlunarinnar, Óla Vernharð Metúsalemsson, sem er kærður í máli þessu. Hélt kærði því ákveðið fram, að um smásöluverzlun væri að ræða, og tók eftirlitsmaðurinn þetta trúanlegt og hreyfði ekki frekari athugasemdum. Síðan kom eftirlitsmaðurinn til verzlunarinnar 12. apríl, 4. maí, 22. júlí og 18. ágúst sama ár og tók upp verðreikninga, sem sýndu, eftir útreikningi verðlagsnefndar, að verzlunin miðaði álagningu sína við smásöluverzlun, þó hámarks- álagning í smásölu hafi ekki alls staðar verið notuð til hins ýtrasta, en með auglýsingu verðlagsnefndar frá 13. apríl 1939 var hámarksálagning á umrædda vörutegund ákveðin sem hér segir:

Í heildsölu 15%.

Í smásölu:

- a) þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 47% ;
- b) þegar keypt er beint frá útlöndum 64%.

Var nú athygli verðlagsnefndar vakin á því, að verzlun þessi hlyti að skoðast sem heildsöluverzlun, og er verð- lagsnefnd hafði leitað nánari upplýsingar, kærir hún til lögreglustjóra 31. ágúst s. l. verzlunina fyrir ólöglega verzlunarálagningu.

Rannsókn málsins hefir leitt í ljós, að verzlunin Ó. V. Jóhannsson & Co var tilkynnt til firmaskrár 21. ágúst 1931 sem umboðs- og heildsöluverzlun með aðsetur í Ingólfs- stræti 16 hér í bænum. Var verzlunin rekin samkvæmt borgarabréfi útg. 10. júlí 1919 til handa Metúsalem Jóhanns-

syni, en hann er annar eigandi verzlunarinnar. Meðan verzlunin hafði aðsetur sitt í Ingólfsstræti 16, stóð í gluggum hennar: „Umboðs- og heildverzlun“, en verzlunin flutti þaðan 14. maí 1939 í Hafnarhúsið hér í bæ, og síðan hefir aðeins staðið í gluggum verzlunarinnar: „Ó. V. Jóhannsson & Co.“ Verzlunin hefir aldrei haft eiginlega sölubúð, heldur aðeins skrifstofur, og hefir salan farið þar fram. Í símaskránni fyrir árið 1939 er verzlunin skráð sem umboðs- og heildverzlun.

Viðskiptamenn verzlunarinnar voru aðallega húsgagna-bólstrameistarar, sem seldu húsgögn í heilu lagi, bæði efni og vinnu sína, og auk þess einstakir menn, sem keyptu af verzluninni að tilvisun meistaranna. Hafa aðalviðskiptamenn verzlunarinnar verið leiddir sem vitni í máli þessu, og hafa þeir nær allir borið, að þeir hafi keypt húsgagnaáklæði af verzluninni að meira eða minna leyti gegn framsali gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og sumir þeirra hafa sagt, að svo hafi verið undantekningarlaust. Starfsmaður verzlunarinnar, Þorvaldur Þorsteinsson, hefir borið, að húsgagnaáklæði hafi aðallega verið seld gegn framsali innflutningsleyfa, en það hafi ekki verið skilyrði fyrir sölu. Telur hann, að þegar litið sé á alla sölu verzlunarinnar, þá hafi meiri sala farið fram gegn framsali innflutningsleyfa heldur en hitt. Vitnin Hjálmar Hjalti Finnbogason, Konráð Gíslason og Helgi Sigurðsson, húsgagnabólstrameistarar, og Þorsteinn Sigurðsson og Jón Halldórsson, húsgagnasmíðameistarar, kveðast öll hafa keypt í heildsölu eða álitnið sig vera að kaupa í heildsölu þau húsgagnaáklæði, sem þau hafa keypt hjá verzluninni, og hafa því lagt á áklæðin sem næst lögheimilli smásöluálagningu, þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum. Rannsókn málsins hefir leitt í ljós, að á tímabilinu frá 17. febrúar til 13. apríl 1939 hefir verzlunin selt mönnum þessum húsgagnaáklæði fyrir samtals kr. 1070.40, en síðar á árinu fyrir samtals kr. 8369.16. Vitni þessi hafa öll borið, að þau mundu ekki hafa keypt vöru þessa af smásala, því þá töldu þau sér óheimilt að leggja á vöruna, og gætu því ekki haft hagnað af kaupunum. Þrjú þessara vitna fengu gjaldfrest hjá verzluninni og samþykktu vixla fyrir kaupunum. Eitt vitnið, Konráð Gíslason, kveðst hafa hinn 11. apríl 1939 keypt af verzluninni í umboðssölu 63 metra af húsgagnaáklæði, og kveð-

ur vöruna hafa verið óuppstekna í umbúðum frá hinu erlenda firma, en vöru þessa kveðst vitnið hafa pantað snemma á árinu.

Kærði hefir viðurkennt, að vel geti átt sér stað, að Konráð hafi fengið þessa 63 metra af húsgagnaáklæði óuppstekna í umbúðum frá hinu erlenda firma, en heldur því fram, að slíkt geti komið fyrir, þó að varan sé seld í smásölu. Heldur kærði því eindregið fram, að hann hafi eingöngu selt húsgagnaáklæði í smásölu, og að salan til framangreindra iðnaðarmanna hafi verið smásala, þar sem þeir þurfi ekki að leysa verzlunarleyfi.

Á framangreind húsgagnaáklæði hefir kærði viðurkennt að hafa að meðaltali lagt 38%, en framangreindir fimm kaupendur hans lögðu á vöruna (á útsöluverð kærða) nær alla þá smásöluálagningu, sem leyfð er, þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum. Verðlagsákvæðin hafa því verið brotin, þótt talið væri, að umrædd sala kærða hafi farið fram í smásölu, og kærði þar með gerzt brotlegur, þar sem hann er raunverulega að þessu valdur. Hins vegar verður að líta svo á, að þegar talað er um heildsölu í lögum nr. 70 frá 1937, þá sé átt við, þegar vara er seld mönnum, sem beinlínis kaupa hana í því skyni að selja hana aftur með álagningu, en að aðalatriðið sé ekki, hvað mikið er salt í einu eða hvort varan er seld síðar með eða án vinnu kaupandans. Verður því að telja, að smásala til smásala geti ekki átt sér stað, nema þannig, að tveir eða fleiri smásalar komi sér saman um að skipta á milli sín að nota smásöluálagningarheimildina. Framangreindir fimm iðnaðarmenn, kaupendur kærða, eru smásalar. Þrátt fyrir neitun kærða, verður því að telja, eins og atvikum við sölu þessa hefir verið lýst hér að framan, að sala þessi hafi farið fram í heildsölu.

Kærði, sem hefir séð um og ber ábyrgð á álagningu verzlunarinnar O. V. Jóhannsson & Co, hefir þannig gerzt brotlegur við 9. gr. laga nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, sbr. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 11. febrúar 1939, um verðlag á vefnaðarvörum og fatnaði, og sbr. ennfremur auglýsingu verðlagsnefndar frá 17. febrúar og 13. apríl 1939. Þykir refsing hans eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar,

verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá á einnig samkvæmt 9. gr. laga nr. 70 frá 31. des. 1937 að gera upptækan þann ágóða, sem ranglega er fenginn með of hárrí álagningu, og ber því samkvæmt framansögðu að dæma kærða til að greiða til rikissjóðs upphæð, sem nemur ágóða þeim, sem hefir fengizt við að farið var fram úr lögheimilli álagningu á nefndu húsgagnaáklæði, og er það samkvæmt framansögðu kr. 1565.51.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Eggerts Claessen, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óli Vernharð Metúsalemsson, greiði 800 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 1565.51, skal upptækur, og greiði kærði hann inn 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrm. Eggerts Claessen, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1940.

Kærumál nr. 7/1940. Þorvaldur Sigurðsson
gegn

Magnúsi Þorsteinssyni.

Endurupptaka.

Dómur hæstaréttar.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti var sent með bréfi lögmanns frá 11. þ. m. og hingað komnu 12. s. m., hefir sóknaraðili hér fyrir dómi krafizt þess, að úrskurður í bæjarþingsmálinu nr. 320/1940: